

Mel.

Fimmtudagur 2. nóv. 1939.

Söguspár

Herra ritstjóri!

Mjer hefir verið send bók sem heitir Heimshvörf (Weltenwende), eftir merkan sagnfræðing þýskan, dr. Albrecht Wirth, sem dæinn er fyrir nokkrum árum. Bókin kom út 1921. Má geta þess til gamans, að það er ekkja höfundarins sem sendir mjer bókina. Hafði hjónabandið verið mjög farsælt, og harmur hennar sár eftir skilnaðinn, en hún trúkona engin. En hún kveður sjer hafa verið huggun í einhverju sem hún hafði lesið eftir mig, og því sendi hún mjer bókina. Er hún rituð af snild og mjög víðtækri þekkingu, en hefir varla verið gefinn sá gaumur sem vert væri. Höfundurinn spáir því, að Austurlönd muni ofaná verða í baráttunni um forustu mannkynsins, og þá einkum fyrir forgöngu Japana. Er dr. Wirth því á sama máli og hinn ágæti landfræðingur og ritsnuilingur Macmillan Brown, (höfundur hinnar stórmerku framtíðarlýsingar er heitir Limanora eða Framfaraeyjan). En hann segir að í viðureigninni við Bandaríkin muni Japan að lokum sigra. En áður en þetta verður mun þó, segir Wirth, Þýskaland „sem nú

blæðir úr þúsund sárum" náð sjer og vera orðið sterkara nokkru sinni áður. Það má vel segja, að Wirth hafi (S. 23) alveg greinilega spáð „koma Hitlers. Höfundur segir mmerkilegt um þýðingu og forþjóðanna, er hann hyggur verumuni, en smáþjóð einsog Íslendinga kemur honum ekki til mear að nefna, þegar hann er reynt til að gera sjer grein því, hvernig gangur manna sögunnar muni verða. Og er raunar mjög að vonum. Því það er með mestu ólíkindum stórþjóðarmaður skuli hafa því, að íslenska þjóðin muni eigi einungis mikil, heldur úr áhrif á gang sögunnar. Að geti ekki orðið um önnur áhrif ræða en á andlega sviðinu, augum uppi, og þá annaðhvort hjeðan komi ný trúarbrögð, eða það sem ennþá er merkilegra hjer á landi verði upphaf þess þekkingin fari að ná þar til áður hefir aðeins verið trúnni að dreifa. En af því mundi það að það yrðu ekki austurlandarnir sem fengi yfirráðin hjer jörðu, heldur mundi forusta mannkynsins verða hjá hinu norðrænkyni, enda óhætt að fullyrða án þess geta ekki orðið þau höfðhvörf sem þurfa að verða, ef mankynið á að eiga farsæla framfarir fyrir höndum. En mjög við þeim sigri lífsins teflt í tvö einsk og nú horfir. 15. ok.

Helgi Pjetursson